

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 27. maí 1903 (A. nr. 5, bls. 42—43).

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 22. maí 1903 (A. nr. 6, bls. 44—45).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 46—47).

Boðskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af konungi s. d. (A. nr. 8, bls. 48—49).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 25. júlí 1903 (A. nr. 9, bls. 50—51).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 66
amtinu um hlunnindi handa sparisjóði Kinnunga. — Útaf beiðni, sem 27. júlí
 hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Kinnunga, vil jeg hjer með endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. ágúst þ. á. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að trygging sú, er sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 67
amtinu um sveitfesti þurfalings. — Með brjefi, dagsettu 16. þ. m., haðið 28. júlí
 þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Breiðvíkurhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 7. september f. á., er kveður svo á um, að nefndur hreppur skuli svo sem framfærsluhreppur Dags Kristj-
 nssonar, þá er hann andaðist, endurgjalda Reykjavíkurkaupstað 63 kr. 68 a.

23. dag septembermánaðar 1903.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.